



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Alþingi
Erindi nr. P 130/177
komudagur 19.11.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 17.11.2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna, 42 mál.

Starfsmenn sem búa yfir vitneskju um alvarleg brot í starfsemi félaga og stofnana óháð eignarhaldi þeirra og sem þeim ber lagaleg og siðferðileg skylda til þess að upplýsa þarfnast þess að njóta verndar að lögum gangi þeir fram fyrir skjöldu. Frumvarpinu er ætlað að bæta þar úr og mælir Alþýðusamband Íslands með samþykki þess og telur það styrkja efni og framkvæmd frumvarps um breytingu á almennum hegningarlögum o.fl. sem ætlað er samræma íslensk lög og Strassborgarsamninginn um spillingu frá 27.1 1999.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ



DÓMSTÓLARÁÐ

Alþingi
Erindi nr. P 130/342
komudagur 27.11.2003

Allsherjarnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur nefndarritara
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna

Með bréfi dagsettu 5. nóvember sl. var Dómstólaráði sent til umsagnar framangreint frumvarp.

Dómstólaráð fjallaði um frumvarpið á fundi sínum 20. nóvember sl.

Dómstólaráð fer með hluta af stjórnarsýslu héraðsdómstólanna. Það er mat ráðsins að það eigi að jafnaði ekki að hafa áhrif á lagasetningu, þegar frá er talin réttarfarslöggjöf og löggjöf sem varðar skipulag og starfshætti dómstóla með einhverjum hætti.

Með vísan til framangreinds telur ráðið ekki ástæðu til þess taka efnislega afstöðu til frumvarpsins.

F.h. Dómstólaráðs

Elín Sigrún Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. þ 130/341
komudagur 27.11.2003



Alþingi
Allsherjarnefnd
Sigrún Brynja Einarsdóttir
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 25. nóvember 2003

Tilvísun: HI03110038 /004

Visað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 11. nóvember sl., þar sem Háskólanum er sent til umsagnar frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna (42. mál, 130. löggjafarþings). Frumvarpið er lagt fram samhliða öðru frumvarpi (41. mál) þar sem lagðar eru til breytingar á ýmsum lögum til þess m.a. að vernda starfsmenn ríkis og sveitarfélaga vegna upplýsingagjafar í þágu almannaheilla.

Mál sem tengjast gildissviði frumvarpanna tveggja hafa ekki komið beint til kasta Háskólans. Því er nokkuð örðugt um vik að meta hvort þörf sé á lögfestingu slíkra reglna, en almennt verður að ætla að sjaldan reyni á ábyrgð að lögum um þetta efni. Á hinn bóginn virðist ljóst að oft reyni á hina siðferðilegu ábyrgð sem höfundar og heimildarmenn bera, m.a. gagnvart þeim fræðum sem þeir stunda á grundvelli starfa sinna. Í því sambandi verður að leggja áherslu á gildi skráðra siðareglna sem svarað geta skýrt ýmsum álitamálum, og virðist það reyndar gert af hálfu flutningsmanna sem birta siðareglur Błaðamannafélags Íslands í fylgiskjali með öðru frumvarpanna tveggja.

Þess má geta til fróðleiks að Háskóli Íslands hefur nýlega sett sér skráðar siðareglur (sjá: <http://www2.hi.is/page/sidareglurhi>). Vegna efnis frumvarpanna er vakin athygli á kafla 2.4 í reglunum þar sem fjallað er um ábyrgð kennara, sérfræðinga og nemenda Háskólans gagnvart samfélaginu.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Páll Skúlason'.

Páll Skúlason
háskólarektor



Alþingi
Erindi nr. P 130/472
komudagur 4.12.2003

Akureyri, 3. desember 2003

Alþingi
allsherjarnefnd
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur
150 Reykjavík

Tilvísun: *Bréf allsherjarnefndar dagsett 11. nóvember sl. þar sem leitað er umsagnar um frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna, 42. mál.*

Háskólinn á Akureyri þakkar fyrir tækifærið til að láta í ljós álit sitt á ofangreindu frumvarpi til laga. Félagsvísinda- og lagadeild háskólans hefur kynnt sér frumvarpið og gerir engar athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,

Laufey S. Sigurðardóttir, ritari rektors

Háskólans á Akureyri

Umsögn um lagafrumvarp

130. löggjafarþing 2003-2004
Þskj. 42-42. mál.

Vegna frumvarps til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna.

Undirritaðir gera engar athugasemdir við umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,

Mikael M. Karlsson
Sigurður Kristinsson
Águst Þór Árnason

Félagsvísinda- og lagadeild
Háskólans á Akureyri

Alþingi
Erindi nr. P 130/528
komudagur 8.12.2003

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. desember 2003.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra og til verndar starfsmönnum ríkis og sveitarfélaga, þskj. 41 – 41. mál, og um frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna, þskj. 42 – 42. mál, 130. löggjafarþing 2003-2004.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreind frumvörp til skoðunar og þar sem frumvörpin tengjast efnislega fylgja hér athugasemdir og ábendingar nefndarinnar í einu lagi.

Fyrstu tvær greinar frumvarpsins í þskj. 41 fela í sér almenna takmörkun á vitnaskyldu starfsmanna fjölmiðla annars vegar í opinberum málum og hins vegar í einkamálum.

Í fyrsta lagi er rétt að gera athugasemd við það, að eins og 1. og 2. gr. frumvarpsins eru orðaðar, er verið að undanþiggja stóran hóp manna, þ.e. starfsmenn fjölmiðla, vitnaskyldu um þau efni, sem í ákvæðunum greinir, þ.e. að þeim sé ekki skylt að koma fyrir dóm sem vitni, en ekki einungis verið að undanþiggja þennan hóp manna skyldu til að svara spurningum, sem lúta að heimildarmönnum eða höfundum rita eða greina. Svo virðist sem höfundar frumvarpsins hafi haft hið síðara í huga, þar sem ætlunin er að breyta 53. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála og 53. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sem báðar varða skylduna til að svara tilteknum spurningum. Af athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins verður einnig ráðið, að flutningsmenn telja sig einungis vera að víkka út hina svokölluðu “heimildavernd”, en ekki undanþágur frá vitnaskyldu. Þá tilætlun hefur hins vegar ekki tekist að endurspegla réttilega í orðalagi 1. og 2. gr. frumvarpsins og til þess að hún næði fram að ganga þyrfti að gera viðeigandi breytingar á orðalagi 1. og 2. gr. Rétt er að hafa í huga, að einungis mjög afmarkaður hópur manna er undanþeginn sjálfri vitnaskyldunni, sem fjallað er um í 49. gr. laga nr. 19/1991 og 52. gr. laga nr. 91/1991. Verður að telja ólíklegt að fyrir flutningsmönnum vaki að undanþiggja starfsmenn fjölmiðla alfarið vitnaskyldu að því er tekur til þess efnis, sem frumvarpið varðar. Ef svo væri, hefðu 1. og 2. gr. frumvarpsins þurft að lúta að breytingu á síðastgreindum ákvæðum laga nr. 19/1991 og 91/1991.

Að því slepptu að orðalag 1. og 2. gr. gengur lengra en yfirlýst markmið flutningsmanna með breytingu á lögnum um meðferð opinberra mála og einkamála, lýsir laganefnd yfir efasemdum um að 53. grein laga um meðferð opinberra mála og 53. gr. laga um meðferð einkamála tryggi ekki nægilega rétt ábyrgðarmanna birts efnis. Lítið hefur reynt á ákvæðin fyrir dómi, en hverju sinni ræðst heimildarverndin af hagsmunamati dómstóla og ekki

verður séð að skort hafi á réttarvernd ábyrgðarmanna að þessu leyti í þeim tilvikum, sem á ákvæðin hefur reynt á undanförunum árum, sbr. dómur Hæstaréttar 10. janúar 1996 í máli nr. 419/1995, sem vitnað er til í athugasemdum með frumvarpinu.

Ákvæði 1. og 2. gr. frumvarpsins eiga aðeins að takmörkuðu leyti fyrirmynd í dönsku réttarfarslögnum. Ákvæði 172. gr. í Retsplejeloven tekur einnig til annarra starfsmanna blaða en beinna ábyrgðarmanna prentefnis (ritstjóra og blaðamanna), svo sem lagt er til í frumvarpinu. Hins vegar gengur frumvarpið mun lengra en dönsku lögin í því að undanþygja fjölmiðlafólk skyldu til að svara spurningum fyrir rétti með því að víkja frá undanþágunni aðeins vegna hinna alvarlegustu afbrota, meðan dönsku réttarfarslögin víkja undanþágunni til hliðar, ef upplýsingar varða afbrot sem getur varðað hærri refsingu en varðhaldi eða varðar brot opinbers starfsmanns á þagnarskyldu.

Í öðrum lagi felur frumvarpið í sér grundvallarbreytingu á því, hvernig staðið er að því að létt er af starfsmönnum þagnarskyldu, sem á þeim hvílir. Að óbreyttum lögum getur dómstóll einn létt þagnarskyldu af manni, sem slík skylda hvílir á, ef krafa er höfð uppi fyrir dómi um að viðkomandi verði gert skylt að svara spurningum um atvik, sem háð er þagnarskyldu. Er í höndum dómstóla að viðhafa hagsmunamat þess, hvort vegi þyngra þagnarskyldan eða þeir hagsmunir að upplýsingarnar séu láttnar af hendi. Það hagsmunamat dómstóla á sér stað *áður* en nokkrar upplýsingar eru láttnar af hendi.

Verði frumvarpið að lögum breytist réttarstaðan þannig, að viðkomandi starfsmanni er falið hverju sinni hið mikilvæga hagsmunamat, hvort almannaheill knýi á um að upplýsingum sé komið á framfæri við almenning og ákvörðunarvald um það, að þagnarskyldu sé vikið til hliðar. Dómstóll metur það fyrst *eftir á*, hvort skilyrði voru til afléttingar þagnarskyldunni og upplýsingar verða almenningi kunnar óháð því hvort það reynist að endingu heimilt eða ekki. Yrði frumvarpið að lögum og dómstóll mæti það svo uppljóstrun upplýsinga þvert á þagnarskyldu hafi ekki verið heimil, er ljóst að brotið á þagnarskyldunni kann að hafa haft skaðleg áhrif, sem ekki verða tekin aftur, þótt viðkomandi sæti ábyrgð að lögum. Laganefnd telur m.a. af þessum sökum varhugavert að taka upp það réttarástand, sem mælt er fyrir um með frumvarpinu. Fleira kemur til.

Takmörkun á þagnarskyldu getur þýtt og þýðir væntanlega skerðingu á friðhelgi einkalífs hjá einhverjum þeim, sem í hlut á og upplýsingar, er þagnarskyldan lýtur að. Finna þarf jafnvægi milli tveggja stjórnarskrárvarinnar réttinda, annars vegar tjáningarfrelsis þess, sem háður er þagnarskyldu, og hins vegar friðhelgis einkalífs þess, sem upplýsingarnar varða. Laganefnd telur slíkt jafnvægi ekki fundið með því að ákveða fyrirfram með settum lögum að tjáningarfrelsið skuli jafnan ganga fram og réttmæti þess sæti einungis endurskoðun eftir að einstaklingarnir hafa sjálfir létt af sér þagnarskyldu. Telur laganefnd heppilegra jafnvægi þessara réttinda fást með skoðun dómstóla fyrirfram í hverju tilviki.

Það athugast að þagnarskyldan, sem til greina kemur að vikið verði til hliðar, er almenns eðlis og styðst ekki einungis við sett lög, heldur getur hún byggst á eðli máls og fyrirmælum yfirmanna.

Rétt er þó að hafa í huga, að 3. - 5. gr. frumvarpsins horfa væntanlega fremur til þeirra tilvika, þar sem ekki er til að dreifa einkamálefnum, heldur málefni opinberrar stjórnsýsla

og meðferð opinbers valds. Í þeim tilvikum telur laganefnd geta verið rétt og standast stjórnskipunarréttarlega skoðun að kveða á um það í lögum að almenn þagnarskylda opinberra starfsmanna (þ.e. aðallega sú sem byggir á trúnaðarskyldu þeirra við yfirboðara fremur en hin lögbundna) megi víkja vegna ríkra almannahagsmuna. Hins vegar er ekki nægilega skýrt í 3. - 5. gr. frumvarpsins um hverskonar tilvik geti verið að ræða þar sem heimilt er að aflétta þagnarskyldunni.

Laganefnd bendir á að frumvarpið virðist fela í sér að misræmi yrði á réttarstöðu opinberra starfsmanna annars vegar og starfsmanna einkafyrirtækja hins vegar. Þeir síðarnefndu eru í ríkum mæli háðir þagnarskyldu, en nyttu ekki refsileysis gengju þeir á svig við þagnarskyldu vegna upplýsinga, sem þeir mætu að ættu erindi til almennings.

Vakin er sérstök athygli á því, að frumvarpið ráðgerir ekki, að starfsmenn, sem telja sig búa yfir mikilvægum upplýsingum, hugsanlega um refsivert athæfi, leiti fyrst hverra þeirra boðleiða, sem þeim eru færar innan stofnunarinnar þar sem þeir starfa áður en þeir ákveði að víkja til hliðar þagnarskyldu. Eðlilegt verður að telja, að starfsmenn í þessari stöðu leiti fyrst allra mögulegra boðleiða innan stofnunar eða fyrirtækis áður en íhugað er að brjóta þagnarskyldu og að það úrræði komi fyrst til álita, þegar starfsmaður hefur tæmt allar leiðir innan stofnunar án árangurs. Frumvarpið ráðgerir enga slíka fyrirvara við heimildina til að víkja til hliðar þagnarskyldu, sem að sönnu getur verið mjög afdrifarík ákvörðun. Þess í stað á að lögfesta heimild til að virða að vettugi þagnarskyldu án frekari skoðunar á öðrum úrræðum, sem kunna að vera fyrir hendi. Úr því að gæta þarf að réttindum annarra með tillit til friðhelgi einkalífs, sbr. að framan, mæla allar meðalhófsreglur með því, að heimildin til að víkja til hliðar þagnarskyldu verði háð því að áður hafi verið tæmd öll úrræði innan stofnunar.

Með vísan til alls framangreinds getur laganefnd Lögmannafélags Íslands ekki mælt með lögfestingu frumvarpanna.

Virðingarfyllst,

f.h. Laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl.,
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 130/340
komudagur 27. 11. 2003

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Reykjavík, 26 nóvember 2003

Allsherjarnefnd Alþingis


Þskj. 41 — 41. mál. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til verndar trúnaðarsambandi fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra.

Þskj. 42. — 42. mál. Frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna.

ReykjavíkurAkademían lýsir yfir stuðningi við almenn markmið þessara frumvarpa. Ein af höfuðstoðunum í starfi blaðamanna er trúnaður við heimildarmenn og verndun á nafni þeirra og stöðu. Án þessa trúnaðar er ljóst að fjölmiðlar eiga erfitt með að sinna hlutverki sínu í viðhaldi opins og lýðræðislegs samfélags. Hér skiptir auðvitað mestu að blaðamaðurinn sjálfur, fjölmiðilinn sem hann vinnur hjá og blaðamannstéttin almennt standi undir þessum trúnaði. Í ljósi reynslunnar, jafnt hér á landi sem erlendis, virðist þó nauðsynlegt að veita blaðamönnum lögvernd í þessu skyni, þannig að þeim beri ekki að upplýsa um heimildarmenn sína nema mjög ríkar ástæður liggji að baki. Einnig virðist rík ástæða til að tryggja rétt heimildarmanns gagnvart vinnuveitanda sínum, hljóti hann skaða af.

ReykjavíkurAkademían tekur enga afstöðu til þeirrar útfærslu á vernd heimildarmanna sem kemur fram í þessum frumvörpum.

Virðingarfyllst,


f.h. stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar
Steinunn Kristjánsdóttir formaður

Hringbraut 121 IS-107 Reykjavík
www.akademia.is
sími (354) 562 8561 fax (354) 562 8528



Alþingi
Erindi nr. P 130/437
komudagur 3.12.2003

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 2. desember 2003

Tilvisun: 2003110044

091.1

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn Ríkislögreglustjóra um 41. þingmál, frumvarp til laga um vernd trúnaðarsambands fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra o.fl. og 42. mál, frumvarp til laga um bótarétt höfunda- og heimildarmanna.

Um 1. og 2. gr. 41. máls.

Ríkislögreglustjóri er sammála því að eðlilegt sé að skýra betur lög varðandi trúnaðarsamband fjölmiðlamanna og heimildarmanna þeirra. Hins vegar telur Ríkislögreglustjóri að ekki sé rétt að víkka út heimild fjölmiðlamanna til að greina ekki frá því hver sé heimildarmaður, með því að láta hana ná til allra brota sem ætla má að varði ekki þyngri refsingu en fjögurra ára fangelsi. Í núgildandi lögum er miðað við að heimild þessi nái til þess þegar vitnisburðurinn varðar brot sem ekki varðar þyngri refsingu en fésektum eða fangelsi allt að einu ári og er sú viðmiðun mun eðlilegri. Sá fyrirvari sem gerður er í 1. og 2. gr. frumvarpsins, að ekki verði skylt að greina frá því hver sé heimildarmaður nema vitnisburður sé nauðsynlegur fyrir rannsókn máls og hagsmunir af því að upplýsa mál vegi ótvírætt þyngra en hagsmunir almennings af því að fá upplýsingarnar í hendur, er að mati Ríkislögreglustjóra nægilegur til að frumvarpið nái markmiði sínu. Ef frumvarpið verður að lögum óbreytt hvað þetta varðar, falla að öllu leyti undan skyldu fjölmiðlamanna, til að geta heimildarmanna, fjölmörg alvarleg brot. Má þar t.d. nefna sum kynferðisbrot gegn börnum, alvarlegar líkamsárásir og rán. Gæti það jafnvel orðið til að ekki yrði unnt að upplýsa alvarleg brot af þessu tagi. Hlýtur því að vera dagljóst að slík aðstaða yrði með öllu óviðunandi. Eðlilegra er að refsivíðmið varðandi undanþáguna verði sú sama og nú er, en dómari meti hverju sinni hvort að aðstaða í máli er með þeim hætti að fjölmiðlamanni verði ekki gert skylt að greina frá því hver sé heimildarmaður sinn.

Um 3., 4. og 5. gr. 41. máls

Í 3. og 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að heimilt verði að víkja frá þagnarskyldu þeirra starfsmanna sem lög nr. 70/1996 og lög nr. 45/1998 ná til ef mál varðar mikilsverða hagsmuni sem telja verður að eigi brýnt erindi til almennings. Vakin er athygli á því að ef 3. og 4. gr. frumvarpsins yrðu samþykktar yrði 5. gr. þarflaus, þar sem sá verknaður sem þar er gerður refsilaus yrði ekki brot gegn 136. gr. almennra hegningarlaga.

Ríkislögreglustjóri telur hins vegar að mun eðlilegra sé að láta við það sitja að gera


RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

refsilaust að gefa slíkar upplýsingar í þágu almannaheilla og þegar ríkir hagsmunir eru í húfi, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frumvarpsins. Í 3. og 4. gr. þess virðist gert ráð fyrir að starfsmaður meti fyrirfram hvort að upplýsingar sem hann hefur undir höndum falli undir ákvæðið. Það mat hans getur að sjálfsgöðu verið rangt, en um leið og upplýsingarnar eru komnar fram er skaðinn skeður. Mun eðlilegra er að ákvæði um þagnarskyldu verði óbreytt, en brot gegn þeim verði gerð refsilaus við vissar aðstæður, eins og gert er ráð fyrir í 5. gr. frumvarpsins. Yrði slíkt ákvæði þá sambærilegt við ákvæði almennra hegningarlaga um neyðarrétt.

Um 42. mál.

Ríkislögreglustjóri er sammála því markmiði sem stefnt er að með frumvarpinu, en telur rétt að kannað verði hvort unnt sé að gera breytingar á gildandi lögum sem fjalla um uppsagnir starfsmanna, áður en sett eru lög sem eingöngu fjalla um þetta afmarkaða efni.

F.h. Ríkislögreglustjóra



Björn Þorvaldsson, lögl. fulltr.

RÍKISSAKSÓKNARI

Alþingi
Erindi nr. P 130/357
komudagur 27.11.2003

BN/jhb
B.1243/2003.

Reykjavík 26. nóvember 2003.

Borist hefur til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildarmanna, 42. mál.

Ríkissaksóknari hefur í umsögn, dagsettri í dag, um frumvarp til breytinga á nokkrum lögum, 41. mál, mælt gegn samþykki 3. - 5. gr. þess frumvarps, sem varða þagnarskylduákvæði i tilteknum lögum, og telur ekki ástæðu til að fjalla frekar um þetta frumvarp um bótarétt höfunda og heimildarmanna.



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi

Erindi nr. P 130/343

komudagur 27. 11. 2003

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

SA/

Rvk. 26.11.2003

Bótaréttur höfunda og heimildarmanna, 42. mál þingsins.

Samtökum atvinnulífsins hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um bótarétt höfunda og heimildamanna, 42. mál þingsins. Samkvæmt frumvarpi þessu eiga starfsmenn að njóta sérstakrar verndar og bótaréttar verði þeir látnir gjalda þess að hafa brotið trúnað gagnvart vinnuveitanda sínum og komið upplýsingum á framfæri sem leynt áttu að fara.

Frumvarp þetta mun ýta undir að starfsmenn brjóti gegn þeirri meginskyldu vinnusambandsins að gæta trúnaðar gagnvart vinnuveitanda. Dæmi eru um að menn hafi brotist inn í tölvu- og bókhaldskerfi fyrirtækja, leitað í lokuðum hirslum og misnotað að öðru leyti aðstöðu sína í leit að gögnum sem þeir telja að valdið geta vinnuveitanda tjóni eða álitshnekki. Hafa verður í huga að starfsemi margra fyrirtækja stendur og fellur með virkni tölvu- og bókhaldskerfa og hættulegt er að hvetja beinlínis starfsmenn til að brjótast inn í slík kerfi í leit að gögnum. Samtök atvinnulífsins mæla eindregið gegn samþykkt frumvarps þessa.

Virðingarfyllst,

Ragnar Arnason, hdl.

forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA